sér aðra eins kyngi. Þetta hlutu að vera hljómar hornsins Olifants —

um hornið þeirri sögu fer:
að nær sem Frakkar eiga ant
og auðnu vant,
það blæs af sjálfu sér.

En þetta lag geta engir sungið og leikið svona, nema synir þjóðarinnar, sem heyrðu það stíga upp úr djúpi sálar sinnar, og hafa sungið það síðan frá kyni til kyns og vígt það öllum sínum eldmóði og vonum.

Það var ekki einleikið.

Í því bjó mikil sál, og jafnvel þar sem það var sungið veikast, svo það leið eins og blíður blær um hvelfingarnar, þá var auðfundið, að sá andvari átti almætti stormsins að baki sér. Mér fanst eg vera úti í veðri sögunnar sjálfrar. Á dökkum náttheimni fortíðarinnar brá fyrir eldingum, og í fjarska heyrði eg þrumuhljóð, eins og bergmál af skothríðum stórra styrjalda. Og svo leið að dögun og sólarupprás með algleymingi allra vona. — — —

Þá var leikið forspilið að *Messidor* eftir *Bruneau*, en síðan sorgarlagið úr *Symphonie héroique* eftir *Beethoven* — hvort öðru fegurra.

Svo kemur ræðan.

Doumergue ráðgjafi, sá er fer með mentamál og listir, stígur í stólinn. Hann les ræðu sína af blöðum, hátt og snjalt.

Hann leggur mesta áherzluna á þann þátt sem Zola hefði átt í Dreyfusmálinu, hvernig hann, sem að upplagi var frábitinn því, að koma opinberlega fram, hefði skyndilega vaðið fram á vígvöllinn og barist sem hetja gegn æstum múgnum og öllum þeim fjandskap og illkvitni, sem þar var að mæta.

Hvernig stóð á því, að hann alt í einu réðst í slíkt, þar sem hvorki var um metnað hans né ábyrgð né vini að tefla? Þeir einir geta spurt svo, er eigi skilja rétt hið sanna einkenni starfsemi hans og þá æfilöngu ástríðu, sem sú starfsemi var af sprottin. Framkoma hans, sem sumir virðast enn furða sig á, var hvorki fljótfærnisverk né afbrigðilegt og óvænt atriði í tilveru hans. Hún var rökrétt afleiðing bæði af lífi hans og starfi, því að líf hans var helgað rannsókn sannleikans, starf hans var fyrst og fremst unnið í þjónustu sannleikans; má vera að sá sannleiki væri hroðalegur og ógeðfeldur á stundum, en Emile Zola var ekki þeirrar skoðunar, að stigmunur væri á sannleikanum, eða að það þyrfti að lita hann til þess að hann væri heilsusamlegur. —

Ræðumaður lauk máli sínu á þessa leið:

Framfarir mnnkynsins spretta upp af þessum bardögum og brösum, er þjóðarsálin smíðar sjálfa sig úr hreinni og sterkari málmi.

Það var sú sannfæring og trausta trú Zola, sem hafa styrkt hann á stundum angistarinnar og varnað þess, að hann léti hugfallast þegar slæðurnar þyknuðu fyrir mynd sannleikans.

Hetjumóðnum, sem þessi sannfæring og trú hafa blásið honum í brjóst, höfum vér viljað votta virðingu; vér erum þess fullvissir, að framtíðin, sem mun sjá þá uppskeru góðleiks, réttlætis og óendanlegrar vonar, sem hann hefir hjálpað til að sá til, mun sýna það með fylgi sínu, að hún telur þá virðingu maklega veitta

Ræðumanni þótti mælast vel. Frá hljóðfæraliðinu og söngflokknum hljómaði nú niðurlagið af *symfoni með kór* eftir *Beethoven* og svo kom *brottfararsöngurinn.*

Úti á torginu var fyrirbúin skrautleg hersýning, og þegar síðasta lagið byrjaði, stóð ríkisforseti Frakklands upp og gekk með ráðuneyti sínu og forsetum þinganna út á súlnariðið, til að horfa á herstrauminn, sem nú fór af stað.

Hvað var þetta? Skothvellur? Og annar til!

Það var inni undir hvelfingunni, skamt frá ræðustólnum.

Söngurinn þagnaði, það fór hryllingur um mannfjöldann. — Banatilræði! banatilræði! hálfhvíslaði hver að öðrum.

Var það sprengikúla?

Og sumir fóru í ofboði að reyna að komast til dyranna.

Hjá flestum varð þó forvitnin sterkari.

Menn og konur þustu upp á bekkina til að reyna að sjá hvað um væri að vera. Svo hastaði hver á annan, því það kvisaðist brátt, að enginn hefði beðið bana af skotunum.

Söngliðið lauk við lagið og mannstraumurinn út að dyrunum hófst af nýju og þokaðist áfram hægt og hægt um leið og hver sagði öðrum það, sem hann vissi sannast um atburðinn.

En þegar frú Zola gekk fram hjá, breld og grátin, fanst mönnum þeir verða að láta samúð sína í ljósi.

— Lifi Zola! Lifi Zola! hljómaði frá hundruðum manna.

Litlu síðar sá eg hvítt höfuð, sem gnæfði yfir múginn. Það höfuð var ólíkt öllum hinum. Enginn gat gengið þess duldur, að þar gekk einn af andans skörungum heimsins.

Það var Björnstjerne Björnson.

Smámsaman varð vitneskjan um atburðinn skýrari. Menn fengu að vita, að gamall blaðamaður, Gregory að nafni, hafði skotið á Alfred Dreyfus og sært hann nokkuð í handlegginn, en að sökudólgurinn var samstundis tekinn og honum snarað í varðhald. Hann kvaðst hafa framið verkið af gremju yfir því, að herinn skyldi vera látinn taka þátt í viðhöfninni, er Zola var fluttur í Panthéon.

Úti á torginu fór hersýningin fram, og smám saman söfnuðust allir út á súlnariðið til að horfa á.

Ekki verður því neitað, að það var stórfengleg sjón og fögur, að sjá allar þessar herdeildir bruna frambjá, eins og lifandi litahaf, sem sólin helti geislum á.

En heitt hefir mörgum hermanni verið undir hertýgjum þann dag, og einhvern veginn liðu mér í hug orð Schopenhauers:

— Að vísu eru þessir hlutir fagrir á að horfa, en að *vera það* — það er alt annað.

Guðm. Finnbogason.

Gerðardómurinn.

Eg vil leyfa mér að vekja athygli á einu atriði í sambandslagafrumvarpinu, sem eg hefi ekki tekið eftir, að athugað hafi verið áður.

Ein af aðalástæðum nefndarmanna og þeirra fylgifiska fyrir því, að frumvarpið viðurkenni fullveldi Íslands, er ákvæðið í 8. grein frumvarpsins um, að ágreiningur um, hver mál séu sérmál og hver sameiginleg, skuli lögð undir úrskurð *gerðardóms.*

Þetta eina atriði á að vera næg sönnun þess, að við það sé kannast, að vér séum fullveðja [suveraint-] ríki. Því slíkir gerðardómar segja þeir að ekki sé til nema milli fullveðja ríkja.

Mér leizt heldur vel á þessa ástæðu í fyrstu.

En þegar eg náði í »Bláu bókina« og fór að lesa saman danska og íslenzka textann á frumvarpinu, brá mér heldur í brún. Þessi álitlegi gerðardómur var þá ekki heldur annað en ranghermi, röng þýðing á danska textanum, eins og ýms önnur meginatriði frumvarpsins.

Í danska textanum stendur sem sé að leggja eigi úrskurðinn undir *»et Nævns* Afgörelse«. »Et Nævn« hefir aldrei þýtt og getur ekki þýtt gerðardóm, allra síst í þeirri merkingu, sem nefndarmenn vilja leggja í orðið: gerðardómur, sem dæmir milli fullveðja ríkja. Sá dómur heitir á dönsku *Voldgiftsdomstol*; því nafni og engu öðru. Það er það eina orð, sem haft er um gerðardóm af Dönum; þjóðréttarfræðingar, löggjafar, stjórnarvöld og almenningur hefir þetta orð og *ekkert annað* um gerðardóma milli ríkja. Nævn er til í gömlu dönsku lagamáli og merkir þar *kviðdóm.* Í nútíðarmáli veit eg þetta orð að eins haft í einu sambandi. Það er í orðinu *Sygekassenævn.* Þar merkir orðið fulltrúanefnd sjúkrasjóða!

Jú; eg rak mig á það í öðrum stað núna á dögunum; það var í »Bláu bókinni«. Forsætisráðgjafi Dana las upp á nefndarfundi kafla úr »Alþingisförinni 1906«, þar sem getið er um kröfur, er þingmenn hafi gert í Khöfn, þá er tilrætt var um stjórnarmál með þeim og dönskum ríkisþingmönnum. Þar er þess getið, í þýðingu forsætisráðgjafans á kafla þeim, að þingmenn fari fram á að *Nævn* verði látin undirbúa væntanleg sambandslög.

Á þeim stað sést, hvaða merkingu forsætisráðgjafi Dana leggur í orðið Nævn. Það er *nefnd*, kommission og ekkert annað!

Þetta var þá gerðardómurinn, sem átti að skera úr ágreiningsatriðum okkar við Dani. Nefnd á að fjalla um málið!

Komi nefndin sér ekki saman, *þá* kemur dómarinn; en hann er *danski* háyfirdómarinn! Þetta er eitt aðaltáknið þess, að fullveldi vort sé viðurkent með frumvarpinu!

Þótt svo væri, að það væri rétt, að gerðardómar þektust að eins, er skera ætti úr þrætu milli ríkja, þá erum vér engu fremur fullveðja ríki þótt vér höfum *penna* gerðardóm (!) að skjóta málum vorum til.

Þetta er því ekki annnað en eitt dæmi enn um nefndarmennina til að blekkja þjóðina með röngum og ósönnum þýðingum á danska textanum,

Þessi aðferð nefndarmanna er því ófyrirgefanlegri, sem þeim hlýtur að vera kunnugt um, að það er danski textinn á samningi þessum, sem á að gilda. Því Danir hafa *því að eins* gengið inn á að láta *þýðinguna* íslenzku vera jafngilda danska *frumtextanum*, að nefndarmenn ábyrgðust, að þýðingin væri nákvæmlega rétt.

Þess vegna eru Danir *alls ekki* bundnir við hina röngu þýðingu á frumvarpinu, og þess vegna *verða* frumvarpsmenn að hætta að blekkja þjóðina með þýðingu á frumvarpinu, sem ekkert gildi hefir.

S.

Fiskiveiðar við Lófót.

II. (Nl.)

Beitan. Við Lófót var aðallega beitt loðnu og öðru hvoru síld, ef svo bar við, að hún fengist alveg ný.

Loðnan er lokuð inni í fjörðum á haustum og vetrum með fyrirstöðunótum og um fiskitímann er lítið gufuskip haft til að flytja þessa beitu, loðnu eða síld, til fiskimannanna, svo að þeir hafi daglega nýja beitu. En þegar kemur lengra fram á vetur, t. d. fram í marzlok, þá hættir fiskinum oft að geðjast að loðnu eða síld, eftir því hvort það hefir verið loðna eða síld, sem kviuð hefir verið inni til beitu. Þá fara þeir að beita skelfiski. Það er öðuskelfiskur, kúskeljafiskur og jafnvel kræklingur.

Tilteknir menn gefa sig á ýmsum tímum árs við því að kraka upp skelina og skera fiskinn úr og salta hann í $^1/_4$ tunnu kúta (vatnshelda). Salt í kútinn er vanalegast 1 pottur, ef ekki þarf að geyma skelfiskinn mjög lengi; sumir salta tunnufjórðunginn úr tveim pottum, og segja margir að hann þá reynist góður alt að 5 árum. Margir brúka jafnmikið að sykri og salti, og segja að þá fiskist betur á skelfiskinn. Vanalega er hann notaður eftir 1 ár. Vottur þess, að hann sé góður þegar kúturinn er sleginn upp, er, að lögur fljóti yfir beituna. Kúturinn kostar 10—20 krónur eftir framboði og hve mikið er af annari beitu nýtilegri. Svo virðist sem fiskurinn vilji ekki síld, ef hann fær þenna saltaða skelfisk. Sömuleiðis hafa Norðmenn mjög mikið af kolkrabba (smokk) oft á haustin; þó sum haust ekki frekara en á Íslandi.

Kolkrabba salta þeir stundum heilan, stundum bolinn. Lifrina telja þeir bezta til beitu. Smokklifrartunnu salta þeir úr 30 pottum af salti. Smokklifrartunnan kostar 30—40 kr. söltuð; en tunna af söltuðum smokkbol kostar 10 kr.

Af skeljabeitu telja Lófótsfiskimenn öðufiskinn langbeztan í salt.

Lófót. Oft er þröngt á sjónum við Lófót á vetrum, þegar sem flestir stunda þar fiskiveiðar. Þess vegna hafa þeir sérstök svæði fyrir net og önnur undir lóðir. Þar er markað sjónhending eftir miðum á landi til hafs, og er á milli þeirra svæði fyrir net og lóðir á víxl:

Net | Lóðir | Net | Lóðir

Dýpið er frá 40—100 faðmar, sem almennast er fiskað á við Lófót með netjum og lóð, nema hvað lúðuveiði er stunduð á miklu meira dýpi.

Enginn má sigla út af höfn til fiskiveiða fyr en klukkan er 6 á morgnana.

Meðferð á fiski. Hún er engin fyrirmynd hjá Lófótsfiskimönnum. Þeir blóðga ekki fiskinn á sjónum, heldur kasta honum niður í lestina eða í kassa; á leiðinni til lands eða þegar á land kemur gera þeir að fiskinum: afhausa hann og kviðrista frá gotrauf, þó ekki fram úr, og rífa slógið úr. Því næst spyrða þeir saman 2 og 2 fiska, og hengja á rá með hrygg og blóði. Þarna hangir fiskurinn sinn lögboðna tíma, til 12. júní þá er hann tekinn niður og seldur. Tuttugu tvípund af þeim fiski seljast 12—13 kr. Svona verkaðan fisk kalla Norðmenn bútung (Rundfisk). Fullur þriðjungur alls vetrarafla Norðmanna er svona verkaður, og mun Noregur vera eina landið í heimi, sem verkar bútung. Eitt gott fylgir þessari aðferð: vinnan að fiskinum er nærri því engin.

Þá er hin meðferðin, að fletja og salta, eins og á Íslandi; en sá fiskur verður aldrei fallegur, því blóðið er eftir í honum.

Stór floti fiskikaupaskipa liggur á hverri höfn, sem fiskiskipin halda til á, og kaupa fisk og salta; sigla síðan með hann á markaðinn þegar fullur farmur er fenginn. Fiskiskipin leggja að kaupförunum á höfninni, þegar að landi er komið og kasta fiskinum á skipsfjöl. Hann er talinn, en ekki veginn. Verðið er misjafnt, eftir því hvað fiskurinn er jafnstór. Nú í marzmánuði var hann 35—42 kr. hundraðið hausað og slægt, en 9—10 kr. meira fyrir óslægðan. Lifur 12—16 a. potturinn, hrogn 9—11 a. Það má kalla gott verð, að fá 48½ e. fyrir þorskkindina að meðaltali ótilgerða. Norður í Finnmörk er fiskurinn seldur eftir vigt á 12—16 a. tvípundið, hausaður og slægður.

Símskeyti. Símritað er á hverju kveldi á ríkis kostnað, hvað fiskast hefir þann dag í hverri veiðistöð, hvort alment hafi verið farið á sjó og hvort alt eða nokkuð af veiðarfærunum var dregið. Símskeytin eru fest upp á tiltekinn stað úti þar sem allir geta lesið þau. Til nánari skýringar set eg hér símskeyti, útlagt á íslenzku:

Reine $^{16}/_{3}$.
Reinehaf, slæmt sjóveður, nokkru leyti dregið, tveggjanátta.
Lóðagufuskip $^{600/1800/1000}$
Lóðaskútur $^{40/600/120}$
Netjagufuskip $^{400/1600/800}$
Netjaskútur $^{30/500/200}$
Fiskur $^{38/39}$, *óslægður* $^{47/48}$
Lifur $^{15/16}$, *hrogn* $^{10/11}$

Þetta símskeyti merkir: Reini 16. marz. Reinihaf. Tveggja nátta = tvær nætur síðan vitjað var um síðast. Lóðagufuskip $^{600/1800/1000}$ merkir: Sá sem fekk 600 fiska á gufuskip fiskaði minst, 1800 merkir mestan afla á lóðagufuskip þann dag og 1000 merkir meðalafla þann dago. s frv.

Fiskur $^{38/39}$ merkir: að 100 af fiski gengu kaupum og sölum þann dag á 38—39 kr. Lifur 15—16 a. pt. og hrogn 10—11 a. pt. Óslægður fiskur 47—48 kr. hundraðið.

Eg ráðlegg fiskimönnum á mótorbátum sem stunda fiskiveiðar með lóð eða netjum, að fá sér lóðar- eða netjavindu í sambandi við mótorinn. Þær kosta 150—200 kr. í Noregi, og að fá það í sambandi við mótorinn líklega annað eins.

Hrólfur Jakobsson.

Bankavextir.

Þeir voru sem hér segir erlendis, er síðast fréttist, svo og í Reykjavík: $2^1/_2$ af hdr. í Lundúnum, 3 í París, $3^1/_2$ í Amsterdam, $4^1/_4$ í Madrid, $4^1/_2$ í Vín, 5 í Berlín, $5^1/_2$ í Kristjaníu, 6 í Stokkhólmi, $6^1/_2$ í Khöfn, Pétursborg og *Reykjavík.*

Botnvörpungarnir

íslenzku hér frá Reykjavík er sagt að aflað hafi vetrarvertíðina síðustu það sem hér segir:

Jón forseti 160 þús., Marz 155, Snorri Sturluson 80, Coot 65, og Íslendingur (sem byrjaði miklu seinna en hinir) 60.

Frá því um lok hafa botnvörpungarnir lítið aflað fremur, 20—30 þús. mest.

Sigrast á efasemdunum!

Jón frá Múla sagði svo af sjálfum sér og sínu sálarástandi á þingmálafundi á Akureyri sunnudagskveldið var, að nú væri hann fyrir drottins hjálp búinn að sigrast á þeim efasemdum, sem hefðu ásótt sig þegar hann las fyrst sambandslagafrumvarp nefndarinnar, og fyndist sér nú mjög viðurlitamikið að ganga ekki að því eins og það er.

Lesendur Ísafoldar munu kannast við, að símað var fyrir skemstu af Austfjörðum, að stjórnmálagarpur sá (J. í M.) væri *eindreginn* á móti frumvarpinn.

Hann var um það leyti að biðla til Sunnmýlinga um þingmensku og mun hafa haft veður af, að þeim líkaði illa frumvarpið, sem flestum öðrum — líklega *öllum* óháðum kjósendum landsins eða því nær öllum.

Það grunar suma, sem heyrt hafa þá félaga St. St. frá Möðruv. og Múla-Jón vorn ákalla drottin hástöfum, þegar þeir minnast á sambandslagafrumvarpið, að drottin sá muni heita H. H.!

Hann, »húsbóndinn,« var í ferð þar nyrðra, í Eyjaf., fyrir skemstu, og þykjast menn vita, að hann hafi farið sínum fimu læknishöndum um efasjúka sál þessa hins sannfæringarhrelda manns, J. í M.

Nýr nuddlæknir

íslenzkur er um það leyti að setjast að hér í bænum: *Jón Kristjánsson* cand. med. Hefir nýleyst af hendi í Khöfn próf í nuddlækningum (Massage) og sjúklinga-leikfimi með hárri 1. einkunn hjá dr. Clod-Hansen, yfirlækni í þeirri lækningagrein við Friðriksspítala.

Guðm. Finnbogason,

mag. art., er ritað hefir Ísafold nokkra ágæta pistla í vetur og vor: um móðurmálið, konfetti og þennan í dag um Zola í Panthéon, hefir haft vetrarsetu í París, setið þar við fætur Gamalíels, þ. e. eins heimsins mesta manns í sínum fræðum, heimspekinni, eða fleiri, og haft mikil kynni af ýmsum ágætismönnum þeirrar miklu menningarþjóðar. Slík Parísarvist er líklegast engu síðri en algeng Hafnarvist viðlíka tíma. En það er eins og annað, sem afrækst hefir frá því á frelsisöld vorri. Þá vitum vér að Jón biskup Ögmundsson og Sæmundur fróði höfðu fremur gott en ekki af námsdvöl sinni í París.

Þenna síðasta pistil (um Zola) ritaði G. F. 9. þ. m.

Næsta mánuð hefir hann sammælst við landa vorn Sveinbjörn Sveinbjarnarson yfirkennara í Árósum um ferðalag suður um Sviss og Ítalíu, og hefir heitið Ísafold pistlum þaðan.

Dr. Valtýr Guðmundsson

alþingismaður kom hingað í gær frá Khöfn á s/s Sterling, að hitta kjósendur sína. Eitthvað hefir farið í milli mála um afstöðu hans í sambandsmálinu. Hann tjáist vera nefndarfrumvarpinu alveg mótfallinn eins og það er orðað. Hann vill sérstaklega ekki hafa í því nokkurt orð, sem orkar tvímælis, — vill hafa inn í það meðal annars *fullveðja ríki* m. fl.

Ullarverð í Ameríku

óvenjulágt. Stórviðskiftamaður eins Reykjavíkurkaupmannsins, sá er heima á í Filadelfíu, ritar honum fyrir fám vikum (26. maí), að ekki þurfi að búast við þar meira en 50 aurum á pd. (danskt) að frádregnum $1^1/_2$% (mun vera tollurinn), í flutningsumbúðum (pokum) hér.

Smjörsalan.

Með s/s Ceres 26. f. m. voru konsúl G. Davidsen í Leith sendar 10 tunnur af smjöri frá Arnarbælisbúinu, og hefir hann nú með Sterling sent andvirðið og sölureikning og selt smjörið fyrir kr. 85,40 100 pd. dönsk *að öllum kostnaði frá dregnum.*

G. Davidsen lætur þess getið, að rjómabúin eigi kost á að fá peninga fyrir fram út á smjörið í sumar, eins og að undanförnu.